



Endurmenntun Háskóla Íslands

Dunhaga 7, 107 Reykjavík Sími: 525-4444 Fax: 525-4080

Netfang: endurmenntun@hi.is

Veffang: www.endurmenntun.is



Alþingi

Erindi nr. P 130/383

komudagur 1.12.2003

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. nóvember 2003

Efni: Umsögn Endurmenntunar HÍ um tillögu til þingsályktunar um stofnun stjórnsýsluskóla. Pskj. 24 – 24. mál.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur sent Endurmenntun Háskóla Íslands ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar.

Almennt álit

Þingsályktunartillagan er tvíþætt. Annars vegar stofnun stjórnsýsluskóla og hins vegar skipun nefndar í því skyni að undirbúa stofnun hans jafnframt því að móta markvissa endurmenntunarstefnu.

Endurmenntun HÍ fagnar því að hið opinbera stuðli að því að móta markvissa endurmenntunarstefnu hjá ríki og sveitarfélögum um endurmenntun þeirra starfsmanna sem hér um ræðir.

Tekið er undir það sem fram kemur í tillögunni að skipuð verði nefnd þeirra aðila sem tilgreindir eru með það að markmiði að móta stefnuna. Stefnumótunin hlýtur þó fyrst og fremst að vera á vegum fjármálaráðuneytisins þó aðrir aðilar taki þátt í nefndarstörfum sem ráðgefandi aðilar og sérfræðingar. Endurmenntun HÍ væri það ánægja að taka þátt í slíku starfi.

Það er mat Endurmenntunar HÍ að stofnun stjórnsýsluskóla gæti hugsanlega verið niðurstaða umræddrar nefndar en ætti alls ekki að vera tilgangur hennar. Í stefnumótunavinnu sem lögð er til að fari fram, þarf að taka afstöðu til þess hvort meðferð fræðslumála sé best fyrir komið í höndum einstakra stofnana, hvort yfirvöld hafi ákveðnar skyldur gagnvart starfsmönnum sem tryggja framboð á námskeiðum um ákveðin efni, hvort miðstýring fræðslumála sé æskileg o.s.frv. Það hvort stofnaður verði ákveðinn stjórnsýsluskóli ætti að vera útfærsluatríði stefnunnar en ekki tilbúin niðurstaða. Ef nefndin fær það verkefni að undirbúa stofnun stjórnsýsluskóla verða hendur hennar bundnar af því.

Það skal einnig tekið fram að þingsályktunartillagan byggir á nefndaráliti frá árinu 1999 og ársskýrslu umboðsmanns Alþingis frá 1999 og 2000. Síðan eru liðin 3-4 ár og hefur töluvert áunnist á þeim tíma. Má þar nefna að fjármálaráðuneytið hefur haft forgöngu um námskeið á þeim sviðum sem greinargerðin gerir ráð fyrir að brýn þörf sé á. Auk þess hafa þau námskeið nú fengið farveg í námskeiðaröð sem fjármálaráðuneytið og Endurmenntun HÍ



Endurmenntun Háskóla Íslands

Dunhaga 7, 107 Reykjavík Sími: 525-4444 Fax: 525-4080

Netfang: endurmenntun@hi.is

Veffang: www.endurmenntun.is



standa saman að. Um er að ræða tilraunaverkefni sem lýkur vorið 2004 og þarf stefnumótun að taka mið af niðurstöðu þeirrar tilraunar.

Í greinargerð með tillögunni er vikið að því að í mörgum nágrannalöndum okkar séu starfandi stjórnsýsluskólar fyrir starfsfólk stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga en enginn slíkur sé starfandi hér á landi.

Í þessu sambandi vil ég gera skil sérstöðu Endurmenntunar HÍ. Í nágrannalöndum okkar er hvergi starfrækt stofnun hliðstæð Endurmenntun HÍ en hún hefur að mörgu leyti sinnt því hlutverki sem stjórnsýsluskóla er líklega ætlað að sinna. Það hefur verið gert í nánu samstarfi við opinbera aðila. Í árafjöld hefur Endurmenntun HÍ boðið lengra nám samhliða starfi og stök námskeið fyrir opinbera starfsmenn. Má þar sérstaklega tilgreina umsjón með Stjórnsýslufræðslu ríkisins sem rekin var á í nokkur ár, umsjón með BÄR námskeiðum ríkisins, tímabundin umsjón með Rekspalarnámskeiðum, fjölda námskeiða á vegum ríkisbókhalds, námsbraut samhliða starfi um opinbera stjórnsýslu frá 1998 og nú síðast sem umsjónaraðili með námskeiðum fyrir starfsmenn ríkisins veturinn 2003 – 2004. Auk þess er Endurmenntun HÍ framkvæmdaaðili að stórum fræðsluverkefnum fyrir opinbera starfsmenn á vegum Starfsmenntar (Framrás) og fjármálaráðuneytisins (Samstarf og samningar). Þannig hefur Endurmenntun mikla innsýn í námskeiðahald fyrir opinbera starfsmenn og mikla reynslu af samstarfsverkefnum á því sviði.

Breytingar á texta

Varðandi texta þingsályktunartillögunnar þá leggur Endurmenntun HÍ til að nafn tillögunnar verði:

“Tillaga til þingsályktunar um mótun markvissrar endurmenntunarstefnu hjá ríki og sveitarfélögum.”

Fyrsta setningin í ályktuninni verði þá:

“Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa farveg fyrir stjórnsýslufræðslu.”
Annað standi óbreytt.

Enn og aftur fagnar Endurmenntun frumkvæði að mótun markvissrar endurmenntunarstefnu og lýsir sig reiðubúna til þátttöku í þeirri stefnumótun.

Virðingarfyllst,

Kristín Jónsdóttir
Endurmenntunarstjóri Háskóla Íslands